

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – ágúst 2024

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,2%

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,2% og hækkaði úr 3,1% í júlí. Í ágúst 2023 var atvinnuleysið hins vegar 2,9%.

Að meðaltali voru 6.812 atvinnulausir í ágúst, 3.825 karlar og 2.987 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 31 frá júlí.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,1% og stóð í stað frá júlí.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 0,8% og 1,4% á Austurlandi.

Alls kom inn 201 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst.


Atvinnulausir voru 7.040 í lok ágúst, 3.913 karlar og 3.127 konur.

Í ágúst 2024 gaf Vinnumálastofnun út 248 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 214 á höfuðborgarsvæðinu.

Í ágúst voru 273 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi standi í stað eða aukist lítillega í september og verði á bilinu 3,2% til 3,4%.

Próun atvinnuleysis frá ágúst 2022 til ágúst 2024




■ Almennt atvinnuleysi

Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á fjórum stöðum á landsbyggðinni frá júlí, þó mest á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi fór úr 2,4% í 2,7%. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,1% og stóð í stað frá júlí. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu og stóð einnig í stað frá júlí. Atvinnuleysi var 2,8% á landsbyggðinni í ágúst.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 0,8% og 1,4% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í ágúst. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 4,9% en atvinnuleysi kvenna 5,5%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.040 í lok ágúst, 3.913 karlar og 3.127 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 17 frá júlílokum en atvinnulausum konum fækkaði um 118.

Alls voru 689 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um einn frá júlí.

Alls höfðu 1.369 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst og fjölgaði um 70 frá júlí. Í ágúst 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.226 og nemur fjölgunin 143 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.928 í ágúst síðastliðnum en voru 1.455 í ágúst 2023.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í ágúst, mest var fækkunin í opinberri þjónustu.


Atvinnulausum fjölgaði lítillega í lok ágúst í nokkrum atvinnugreinum mest þó í fasteignasölu og -leigu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.559 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok ágúst 2024



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í ágúst 2024 gaf Vinnumálastofnun út 248 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 214 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 78 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 170 leyfi voru framlengd.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í ágúst, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 126 leyfi. Þá voru gefin út 53 leyfi vegna sérfræðipekkingar og 31 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í ágúst voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 32%, 27% vegna þjónustustarfa og 16% vegna sölu- og afgreiðslustarfa. Um 25% var í öðrum starfsgreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.773 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 59 frá júlí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 54% í lok ágúst.



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í ágúst 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 43 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í ágúst 2024 með samtals 347 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 593 í ágúst á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 36%, 20% frá Litháen og 19% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 25% starfsmanna komu frá 14 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 59 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 38 einstaklingar. Fjórir fóru til Litháen og þrír fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 14 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2024




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls kom inn 201 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 130 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 65% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 8% á Suðurlandi á Suðurnesjum og eins á Vesturlandi. Þá eru 11% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í ágúst 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í ágúst voru 273 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 185 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.